

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 30. apríl 2018, kl 10.00, haldinn í fjarfundi og á skrifstofu FV, Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður (í fjarfundi), Ingibjörg Emilsdóttir (í fjarfundi), Jón Örn Pálsson (í fjarfundi), Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson (í fjarfundi). Fundinn sátu einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og sviðsstjóri Vestfjarðastofu ses, sem ritaði fundargerð og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu ses,

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir

1. Fundargerð stjórnarfundar 20. apríl 2018
2. Ársreikningur FV 2017
3. 63. Fjórðungsþing Vestfirðinga
4. Íbúakönnun
5. Umsagnir til Alþingis, 148. löggjafarþing
6. Sóknaráætlun Vestfjarða.
7. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 20. apríl 2018

Fundargerð stjórnarfundar 20. apríl 2018 lögð fram til staðfestingar, fundargerðin hafði áður verði staðfest í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2017

Mættur til fundarins Guðmundur E Kjartansson, endurskoðandi. Með vísan til fundar stjórnar 20. apríl 2018 er lagður fram ársreikningur Fjórðungssambandsins fyrir árið 2017. Með ársreikningum er lagt fram álit endurskoðanda og skýrsla stjórnar.

Guðmundur kynnti álit endurskoðanda, álitid er með fyrirvara er varðar lífeyrisskuldbindingu Fjórðungssambandsins. En samkvæmt reikningsskilareglum á lífeyrisskuldbinding gjaldfærast á þeim tíma sem rétturinn til lífeyris myndast, en Fjórðungssambandið gjaldfærir skuldbindinguna við greiðslu. Samkvæmt tryggingarfræðilegu mati í árslok 2017 nemur hlutur Fjórðungssambandsins 47,2 mkr og er fjárhæðin ekki færð í ársreikning. Gjaldfærð skuldbinding nam á árinu 2017, 6,8 mkr.

Á árinu 2017 fyrirframgreiddi Fjórðungssambandið lífeyrisskuldbindingu gagnvart Lífeyrissjóðunum Brú alls kr 5.578.630,- og er krafan sett sem hluti af áhættufjármunum og langtímakröfum í efnahagsreikningi og afskrifast á allt að 30 árum.

Að öðru leyti er það álit endurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögg mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Formaður gerði tillögu um að stjórn Fjórðungssambandsins samþykki ársreikning fyrir árið 2017 og vísi til afgreiðslu 63. Fjórðungspings Vestfirðinga. Stjórn staðfesti samþykki sitt með undirritun skýrslu stjórnar í fundi sem haldinn verði í aðdraganda 63. Fjórðungspings, þann 2. maí n.k.

Tillagan samþykkt.

Guðmundur vék af fundi kl 10.20.

3. **63. Fjórðungsping Vestfirðinga**

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að endurskoðari fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Með tillögunni fylgir greiningartré um niðurstöðu reksturs einstakra deilda og minnisblað um tilflutning verkefnafjármangs til ársins 2018 og tilflutning framlaga á milli rekstardeilda í lok árs 2017.

Formaður gerði tillögu um samþykki endurskoðaðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. Tillagan samþykkt og vísast til afgreiðslu 63. Fjórðungspings Vestfirðinga.

4. **Íbúakönnun**

Lögð fram til kynningar skýrsla SSV, þróun og ráðgjöf (apríl 2018). *Íbúakönnun á Íslandi. Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landssvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri og Skagafirði í norðri.* FV ásamt SASS, SSS, SSV og SSNV framkvæmdu könnunina hvert á sínu landssvæði og var könnun FV framkvæmd frá miðjum október til loka nóvember.

Skýrslan fer í almenna dreifingu eftir sameiginlega kynningu landshlutasamtakanna á efni hennar. Formaður gerði að tillögu að efni skýrslunnar verði kynnt á 63. Fjórðungspingi Vestfirðinga.

5. **Umsagnir til Alþingis, 148 löggjafarþing.**

Frumvarp til laga um Ferðamálastofu, mál nr 485. Kynnt drög að umsögn til atvinnuveganefndar Alþingis, dags 29. apríl 2018, sem Markaðsstofur landshlutanna (MAS) gera að tillögu að. Stjórn samþykkir efni umsagnarinnar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskeldi, mál 457. Kynnt drög að álit Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir fiskeldissveitarfélög innan samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Rætt um áherslur FV í málinu og framkvæmdastjóra falið að óska eftir fresti til að skila inn umsögn til að senda atvinnuveganefnd.

Frumvarp til laga um haf og strandsvæðaskipulag, mál 425. Rætt um efni frumvarpsins í tengslum við frumvarp um breytingar á lögum um fiskeldi. Framkvæmdastjóra falið að vinna að umsögn um til umhverfis og samgöngunefndar.

6. Sóknaráætlun Vestfjarða.

Sigríður kynnti tillögu að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða, sem lagðar voru fyrir framkvæmdaráð samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða á fundi þann 12. apríl s.l.. Á yfirliti eru verkefni sem ná til fleiri ára í senn yfirskygð til aðgreiningar frá tillögum sem ná til ársins 2018.

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða árið 2018:

Visit Westfjords (verkefni upphaflega samþykkt 2016 og gildir til ársins 2018)	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum. Vestfirðir auki hlutdeild í vaxandi hópi erlendra ferðamanna.	5.800.000
InWest (verkefni upphaflega samþykkt 2016 og gildir til ársins 2018)	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum og áframhaldandi vinna með nýjum fjárfestingakostum.	3.800.000
Umhverfissvottaðir Vestfirðir (verkefni upphaflega samþykkt 2016 og gildir til ársins 2018)	Að festa verkferla í sessi hjá sveitarfélögunum til að tryggja að umhverfissvottunin verði hluti af daglegri starfsemi.	2.200.000
Þróunarsetur á Vestfjörðum (verkefni upphaflega samþykkt 2016 og gildir til ársins 2018)	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli	3.550.000
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafræðum (verkefni upphaflega samþykkt 2017 og gildir til ársins 2019)	Ný námsleið Háskólaseturs Vestfjarða hefst haustið 2018	5.000.000
Svæðisskipulag á Vestfjörðum	Hefja vinnu við svæðisskipulag á Vestfjörðum, nýjar samþykktir frá sveitarstjórnnum eftir kosningar og fjármögnun skipulagsins.	2.500.000
Rannsóknarumhverfi Vestfjarða – uppbygging aðstöðu	Verkefnið felst í að greina þörf fyrir aðstöðu til rannsókna í náttúruvísindum á Vestfjörðum öllum og byggja upp aðstöðu til rannsókna á sviði náttúruvísinda, sérstaklega rannsóknaraðstöðu og búnað	1.000.000

Þróun Vestfjarða til ársins 2035 - Sviðsmyndir	Láta vinna sviðsmyndagreiningu þar sem dregnir eru fram drifkraftar breytinga í umhverfinu og sviðsmyndum stillt upp Sviðsmyndavinna verði unnin með fyrirtækjum og sveitarfélögum.	3.500.000
Vestfirsku þorpin – íbúabyggð og áfangastaðir	Verkefnið felst í að móta aðferðafræði til að draga saman upplýsingar og gögn til að þróa almannrými og gera úrbætur á bæjarbrag byggðakjarna.	2.500.000
Lýðháskóli á Flateyri	Stuðningur við nýjan Lýðháskóla á Flateyri.	3.000.000
Almannatengsl fyrir Vestfirði	Verkefnið snýst um að auka slagkraft og samhæfa aðgerðir til kynningar á Vestfjörðum. Í verkefninu verði aðgerðir sveitarfélaga og fyrirtækja samhæfðar eins og kostur er í þeim stóru verkefnum sem unnið er að, samgöngum, orku og atvinnumálum. Aðstoða fyrirtæki og sveitarfélög við gerð stefnu og aðgerðaáætlunar í kynningarmálum	3.500.000
Westfjords Food	Mótað verði sameiginlegt verkefni matvælaframleiðenda á Vestfjörðum að fyrirmynd Rörosmat (www.rorosmat.no) þar sem skapaður er vettvangur fyrir framleiðendur matvæla að kynna sig og um leið kynna einkenni Vestfjarða og framleiðsluvörur.	1.000.000
Glögg er gestsaugað	Aðstoða sveitarfélög við að nýta „Beta Ísland“ til að skapa vettvang þar sem hægt er að koma hugmyndum og ábendingum á framfæri	500.000

Stjórn samþykkir að tillögur framkvæmdaráðs samráðsvettvangs sóknaráætlunar verði sendar stýrineti stjórnarráðsins um byggðamál.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál komu fram og fundi slitið kl 11.10.